

# Evrópa

## VERKEFNI

7. BEKKUR

Fjórða þema 7. bekkjar er Evrópa og fjalla verkefnið öll um efni sem tengist því viðfangsefni. Við setjum aðaláhersluna á **samfélagsfræði, stærðfræði, íslensku og erlend tungumál**. Einnig mun **upplýsingatækni og lykilhæfni** vera hluti af mati á verkefnum. Undirbúningur fyrir þetta þema hófst

strax í byrjun árs þar sem allar aðferðir sem nemendur nota í þemanu voru

kynntar og þjálfaðar. Umsjónartímar, stærðfræðitímar og vinnustundir verða að auki notaðar til að ýta undir frekari skilning á efninu. Við mat á verkefnum er notast við leiðsagnarmat sem nemendur sjá í verkefnalýsingum (viðmið um árangur).



### VERKEFNI:

#### Í SKÓLA:

1. SAMVINNA EVRÓPU
2. FERÐALAG FLÓTTAMANNA
3. KORTAGERÐ
4. HEIMSTYJALDIR

#### HEIMA OG Í SKÓLA

1. HEIMILDARITGERÐ
2. VALVERKEFNI - MINNST ÞRjú AF TÍU

#### HEIMA:

HEIMALESTUR - 25 MÍN 5X Í VIKU.

60 MÍNÚTUR UPPELSTUR FYRIR KENNARA EÐA FORELDRA Í HVERRI VIKU

#### Markmiðin:

Að nemendur kunni að gera heimildaritgerð, nota eigin orð í ritun, sýna skilning á stærðfræðipáttum (hnitakerfi, stórum tölum, hlutföllum, prósentum, töflureiknum og sætakerfum) og þekki til sögu og staðháttu Evrópu. Nemendur þurfa að skila öllum verkefnum inn á réttum tíma, vera dugleg að leita sér aðstoðar og sýna frumkvæði og ábyrgð í námi sínu.

## Samfélagsfræði:

Nemendur vinna með sögu Evrópu, ýmis sérkenni álfunnar, einstakra landa og landsvæða. Nemendur vinna með ákveðin tímabil í sögu Evrópu sem höfðu hvað mestu áhrif á álfuna, læra að lesa úr kortum, vinna með fána landanna og skoða áskoranir sem við erum að eiga við í dag eins og flóttamannastráum. Nemendur nota m.a. bókina Evrópa sem Menntamálastofnun gefur út sem ítarefni og er hluti verkefna byggður á inntaki bókarinnar.

## Stærðfræði:

Nemendur læra um hnit, vinna með stórar tölur, prósentur og flatarmál (landa). Nemendur vinna líka með gjaldeyri/gjaldeyrisútreikninga og fjarlægðir í kílómetrum.

## Íslenska:

Nemendur læra og gera heimildaritgerð, fara betur yfir rétta heimildaskráningu, skrifa um efni sem þeir ekki þekkja fyrirfram en tengist þemanu, fylgja ritunarreglum og nota bókina Neista sér til stuðnings. Nemendur kynna sér efni sem þeir velja sjálfir (valið fer fram hjá kennsluráðgjafa) og nota eigin orð til að koma þeim frá sér.

## Erlend tungumál:

Nemendur læra orðaforða sem tengist ákveðnum þáttum í þessu þema og vinna með hann í tímum. Nemendur gera m.a. póstkort á dönsku og gera verkefni á ensku um þekkt fólk úr sögu Evrópu.



**GOOGLE  
CLASSROOM**

Allar upplýsingar um verkefni, skilatengla, kennslubækur og ítarefni er að finna inni á Google Classroom fyrir Evrópuþemað. Kóðinn er c9gbepj.

Eina bókin sem ekki er þar er bókin *Flóttamenn og farandfólk* sem nemendur fá í skólanum.

Ætlast er til þess að nemendur leiti sjálfir að upplýsingum og geti heimilda í öllum verkefnum.